

**84** að prestsmötukvöð sú, 40 pd. af smjöri til sóknarprestisins að Gilsbakka, er hvílið  
19. nóvbr. á jörðinni Kalmanstungu í Hvítársíðuhreppi í Mýrasýslu, verði afnumin innan  
5 ára gegn 600 kr. endurgjaldi með því skilyrði, að fje þetta ávaxtist undir um-  
sjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign Gilsbakkaprestakalls, og  
að beneficiarius njóti vaxtanna.

Þetta er yður háæruverðugi herra, hjer með til vitundar gefið yður til leið-  
beiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið  
til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skal senda brjefin hingað,  
til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins og ákvæði um að  
eigi megi afhenda þau.

**85** **Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kirkjujarðarinnar**  
19. nóvbr. **Stapadals.**

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans Hátign konungin-  
um 11. f. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess  
að selja megi jörðina Stapadal, sem er eign Rafnseyrarprestakalls, undan nefndu  
prestakalli fyrir 2200 kr., með þeim skilyrðum, að söluandvirði jarðarinnar  
ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign presta-  
kallsins, að 4 kr. af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru  
leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin verði framvegis skoðuð sem  
bændaeign að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjer með til vitundar gefið yður til  
leiðbeiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið  
til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skal senda brjefin hingað  
til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins og ákvæði um að  
eigi megi afhenda þau.

**86** **Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu hjáleigunnar Sætúns.**  
19. nóvbr.

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konungin-  
um allra mildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja  
megi þann hluta hjáleigunnar Sætúns, sem er sjávarmegin við línu dregna sjón-  
hending frá Hlaðsteini við Stadará í svonefnda Ófæru í Stadarhlið, undan Stadar-  
prestakalli í Grunnavík fyrir 300 kr. með þeim skilyrðum, að söluandvirðið  
ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign presta-  
kallsins, og að beneficiarius njóti vaxtanna.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjermeð til vitundar gefið yður til  
leiðbeiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum var-  
ið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skal senda hingað brjef-